

Miðvikudaginn 29. september 1993.

Nr. 389/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Gunnari Birni Björnssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1993, sem barst réttinum 23. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, til vara, að hann verði felldur úr gildi, en til þrautavara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstíma verði markaður styttri tími. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ómerkingarkrafa varnaraðila er á því reist, að varnarþing varnaraðila sé í Garðabæ, og því hefði átt að leiða hann fyrir héraðsdómara í Héraðsdómi Reykjaness, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1991. Sóknaraðili hefur þá skýringu gefið, að þegar krafan um gæsluvarðhald hafi verið lögð fram um kvöldið 22. september, hafi enginn dómari verið tiltækur í Héraðsdómi Reykjaness. Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1991 verður krafa varnaraðila um ómerkingu ekki tekin til greina.

Í skjöllum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að tveir þeirra, sem grunaðir eru um fíkniefnamisferli það, sem hér um ræðir, hafa lýst hlut varnaraðila að brotum þeirra. Með vísan til þessa og til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1993.

Lögreglan í Reykjavík hefur krafist þess, að Gunnari Birni Björnssyni, kt. 051270-4369, með lögheimili að Ásbúð 62, Garðabæ, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 15. október nk.

Hinn 19. september 1993 var Lydía Einarasdóttir handtekin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli, er hún var að koma frá Amsterdam. Á henni fundust pakkar, sem í voru um tvö kíló af „brúnu hassi“. Sigurður Ólason, sambýlismaður Lydíu, var úrskurðaður í gæsluvarðhald 20. september sl., en hann viðurkenndi fyrir lögreglu að eiga aðild að innflutningi þessum með Lydíu. Lögreglan telur ýmislegt benda til aðildar kærða að málinu, bæði kaupunum erlendis og dreifingu hér heima. Í kröfugerð lögreglu kemur fram, að kærði hafi farið utan með sömu flugvél og Lydía og að þau hafi dvalist á sama hóteli í Amsterdam. Í fórum Lydíu hafi fundist miði með skilaboðum til aðila, sem var í herbergi nr. 10 á hótelinu, en við eftirgrennslan lögreglu hafi komið í ljós, að kærði hafi verið skráður í þetta herbergi. Í kröfugerð lögreglu kemur einnig fram, að Gunnar hafi oft áður komið við sögu hjá áfengis- og fíkniefnadeild lögreglunnar og oft verið orðaður við innflutning. Þá kemur einnig þar fram, að lögreglu hafi borist upplýsingar þess efnis, að kærði hygði á ferð til útlanda og að einhver myndi bera efnið heim fyrir hann, líklega einhver kona. Kærði hefur greint frá því að kannast við Lydíu, en neitar því að eiga nokkra aðild að fíkniefnainnflutningi.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsi skv. lögum nr. 65/1974. Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Með hliðsjón af ofangreindu og vísan til rannsóknargagna málsins sem og þess, að hætta þykir á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, ef hann verður látinn laus, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 6. október nk. kl. 16.00.

Úrskurðinn kvað upp Ingveldur Einarasdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Björn Björnsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 6. október 1993 kl. 16.00.